

Hvalasafnið á Húsavík ses.

kt. 460105-3740

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit	bls.
Skyrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Skyringar	8 - 12

Hvalasafnið á Húsavík ses.

kt. 460105-3740,
Hafnarstétt,
640 Húsavík.

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi stofnunarinnar

Markmið stofnunarinnar er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Stofnuninni er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og grípum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvöllum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvöllum, höfrungum og hnísum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfþæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengun, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig verslun með minjagripi og tengd starfsemi. Komi til að sjálseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefnefna í þágu almannheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar stofnunarinnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Fjöldi ársverka á árinu var 3,5.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði með svipuðum hætti á árinu 2020 og á árinu 2019.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Stjórnendur félagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja og stofnana á Íslandi og erlendis er það mat stjórnenda stofnunarinnar að faraldurinn muni hafa talsverð áhrif á rekstur stofnunarinnar til skemmtíma en ekki hafa áhrif á rekstrahæfi eða mat eigna og skulda. Vísað er til nánari umfjöllunar í skýringu nr. 8 vegna upplýsinga um atburði eftir lok reikningsárs.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar ársins.


Eignaraðild

Hvalasafnið á Húsavík er sjálseignarstofnun. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.


Stjórn Hvalasafnsins á Húsavík ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2019 með áritun sinni.


Húsavík, 30. apríl 2020


Porkell Lindberg Þórarinsson
Stjórnarformaður


Guðrún Þórhildur Emilsdóttir
Meðstjórnandi


Jan Aksel Harder Klitgaard
Meðstjórnandi


Jónas Hreiðar Einarsson
Meðstjórnandi


Eva Björk Káradóttir
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hvalasafnsins á Húsavík ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvalasafnsins á Húsavík ses. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2019 og efnahag hennar 31. desember 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöölunum er nánar útskýr í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli lesenda á umfjöllun í skýrslu stjórnar og frekari umfjöllun í skýringu nr. 8 vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins á rekstur og efnahag stofnunarinnar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeiri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulegra annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggji. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniögengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álít á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.


Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrilliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 30. apríl 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.



Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Aögöngumiðasala		49.827.070	42.359.757
Sala minjagripa og bóka		24.064.535	15.829.165
Aðrar tekjur		439.582	174.746
Verkefnastyrkir og aðrir styrkir		7.534.528	9.673.616
		<u>81.865.715</u>	<u>68.037.284</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		33.928.769	28.448.321
Annar rekstrarkostnaður		31.354.749	29.211.689
Afskriftir	3	4.881.365	4.731.577
		<u>70.164.883</u>	<u>62.391.587</u>
Rekstrarhagnaður		11.700.832	5.645.697
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og gengishagnaður		207.274	295.264
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.098.487)	(2.517.145)
		<u>(1.891.213)</u>	<u>(2.221.881)</u>
Hagnaður ársins		<u>9.809.619</u>	<u>3.423.816</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir			
Fasteign	3	87.747.883	85.123.702
Áhöld og tæki		702.049	907.855
Munir		19.373.962	18.874.918
		<u>107.823.894</u>	<u>104.906.475</u>
Fastafjármunir samtals		107.823.894	104.906.475
Veltufjármunir			
Birgðir		2.995.203	2.208.193
Viðskiptakröfur	4	613.868	542.788
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur		1.570.525	1.007.993
Handbært fé		21.706.680	17.082.125
		<u>26.886.276</u>	<u>20.841.099</u>
Eignir samtals		<u>134.710.170</u>	<u>125.747.574</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eigið fé og skuldir

Skýr. 31.12.2019 31.12.2018

Eigið fé

Stofnfé	5	21.049.374	21.049.374
Óráðstafað eigið fé		81.952.551	72.142.932
		103.001.925	93.192.306

Skuldir

Langtímaskuldir:

Skuldabréfalan	6	25.201.252	26.894.063
----------------------	---	------------	------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		807.247	2.236.080
Aðrar skammtímaskuldir		3.642.500	1.395.384
Næsta árs afborganir af langtímaskulduum	6	2.057.245	2.029.741
		6.506.992	5.661.204

Skuldir samtals

31.708.245 32.555.268

Eigið fé og skuldir samtals

134.710.170 125.747.574

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

7

Aðrar upplýsingar

8 - 9

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hvalasafnið á Húsavík ses. rekur fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar.

Hvalasafnið á Húsavík ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur stofnunarinnar er að Hafnarstétt 1, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verömæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttakins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttakna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatt.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Seldar vörur eru með 30 daga skilarétt og er byggt á fyrri reynslu við áætlun á vöruskilum í lok árs. Tekjur eru færðar á gangvirði móttakins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttakna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatt.

2.3 Aðrar rekstrartekjur

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, framhald

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Áhöld, tæki og munir	3 - 50 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrafaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísitolur sem töku gildi í ársþyrjun 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóli eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.7 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

2.8 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.9 Birgðir

Birgðir eru vörur til endursölu og eru þær metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

Skýringar

3. Efnislegar eignir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Munir	Samtals
Árslok 2018:				
Bókfært verð í ársbyrjun	80.946.527	974.151	20.669.423	102.590.101
Viðbætur á árinu	6.061.796	312.271	673.884	7.047.951
Afskrifað á árinu	(1.884.621)	(378.567)	(2.468.389)	(4.731.577)
Bókfært verð í árslok	<u>85.123.702</u>	<u>907.855</u>	<u>18.874.918</u>	<u>104.906.475</u>
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig				
Kostnaðarverð	108.697.588	5.123.437	25.585.100	139.406.125
Afskriftir	(23.573.886)	(4.215.582)	(6.710.182)	(34.499.650)
Bókfært verð í árslok	<u>85.123.702</u>	<u>907.855</u>	<u>18.874.918</u>	<u>104.906.475</u>
Árslok 2019:				
Bókfært verð í ársbyrjun	85.123.702	907.855	18.874.918	104.906.475
Viðbætur á árinu	4.772.710	0	3.026.074	7.798.784
Afskrifað á árinu	(2.148.529)	(205.806)	(2.527.030)	(4.881.365)
Bókfært verð í árslok	<u>87.747.883</u>	<u>702.049</u>	<u>19.373.962</u>	<u>107.823.894</u>
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig				
Kostnaðarverð	113.470.298	5.123.437	28.611.174	147.204.909
Afskriftir	(25.722.416)	(4.421.388)	(9.237.212)	(39.381.016)
Bókfært verð í árslok	<u>87.747.882</u>	<u>702.049</u>	<u>19.373.962</u>	<u>107.823.893</u>

Fasteign, innréttigar, safn og munir eru vátryggð fyrir kr. 517.892.000.

Fasteignir stofnunarinnar í árslok 2019 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat hús	Fasteigna- mat leigulóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Hafnarstétt 1	61.050.000	10.000.000	221.900.000	87.747.883

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur	788.608	717.528
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(174.740)	(174.740)
	<u>613.868</u>	<u>542.788</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign stofnunarinnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Hreyfingar á árinu 2018:			
Staða í ársbyrjun	21.049.374	68.719.116	89.768.490
Hagnaður ársins		3.423.816	3.423.816
Staða í árslok	<u>21.049.374</u>	<u>72.142.932</u>	<u>93.192.306</u>

Hreyfingar á árinu 2019:

Staða í ársbyrjun	21.049.374	72.142.932	93.192.306
Hagnaður ársins		9.809.619	9.809.619
Staða í árslok	<u>21.049.374</u>	<u>81.952.552</u>	<u>103.001.926</u>

6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

Verðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	14.008.497
Överðtryggðar skuldir í íslenskum krónum	13.250.000
	<u>27.258.497</u>

Afborganir af langtímaskuld stofnunarinnar í árslok 2019 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	2.057.245
Árið 2021	2.057.245
Árið 2022	2.057.245
Árið 2023	2.057.245
Árið 2024	2.057.245
Síðar	<u>16.972.272</u>
	<u>27.258.497</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 27,3 millj. koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2020, færðar meðal skammtímaskulda	2.057.245
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	25.201.252
	<u>27.258.497</u>

7. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Á fasteign stofnunarinnar hvílir þinglýst veð til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 27,3 milljónir króna í árslok 2019.

Skýringar

8. Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum febrúar 2020 hafa áhrif COVID-19 heimsfaraldurs komið fram sem varð til þess að þann 16. mars 2020 settu stjórnvöld samkomubann á Íslandi, sem gilti fyrir allar samkomur þar sem fleiri en eitt hundrað manns koma saman. Samkomubannið var hert enn frekar þann 23. mars 2020 og gildir nú fyrir samkomur þar sem fleiri en tuttugu manns koma saman. Dragist faraldurinn á langinn, og þar með samkomubann stjórnvalda, þá kann það að hafa veruleg neikvæð áhrif á tekjur stofnunarinnar. Stjórnvöld hafa kynnt margþættar aðgerðir til þess að mæta rekstrarerfióleikum fyrirtækja og stofnana á Íslandi sem ættu að geta mildað þau neikvæðu áhrif sem blasa við vegna samkomubannsins.

Starfsemi stofnunarinnar er árstíðabundin og hefur náð hámarki seinni hluta sumars ár hvert. Stjórnvöld hafa boðað aðgerðir varðandi takmörkun á straumi erlendra ferðamanna til landsins en á sama tíma hvatt Íslendinga til að ferðast innanlands og hefur meðal annars boðað útgáfu gjafakorts sem allir Íslendingar, eldri en 18 ára, munu fá til ráðstöfunar sem nýtast mun við kaup ferðamanna á þjónustu stofnunarinnar.

Það er mat stjórnenda stofnunarinnar að ef Íslendingar nýta gjafakort stjórnvalda þá leiði það til lágmörkunar á því tekjutapi sem annars hefði verið fyrirsjáanlegt. Stjórnendur stofnunarinnar hafa þegar hafið vinnu við áætlunar um lækkun rekstrarhæfi og lækkun starfshlutfalls starfsmanna í samræmi við reglur stjórnvalda þar að lútandi. Stjórnendur stofnunarinnar munu einnig skoða nýtingu á öðrum stuðningsaðgerðum sem stjórnvöld hafa kynnt til þessa að mæta rekstrarerfióleikum fyrirtækja og stofnana á Íslandi sem ættu að geta mildað þau neikvæðu áhrif sem kunna að verða.

Það er mat stjórnenda stofnunarinnar að þrátt fyrir að faraldurinn kunni að hafa veruleg áhrif á rekstur stofnunarinnar á árinu er rekstrarhæfi stofnunarinnar þó ekki ógnað. Er í því sambandi horft til þess að fjárhagsstaða stofnunarinnar er sterkt en eiginfjárlutfall stofnunarinnar í árslok nam 76,5% og veltufjárlutfall 4,13. Þá er það mat stjórnenda stofnunarinnar að faraldurinn hafi ekki áhrif á mat eigna eða skulda stofnunarinnar.

9. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

	2019	2018
Laun	26.572.008	24.788.535
Launatengd gjöld	5.647.786	5.213.237
Breyting orlofskuldbindingar	1.708.975	(1.553.451)
	<hr/> 33.928.769	<hr/> 28.448.321
Starfsmenn á launaskrá	8	9
Stöðugildi á árinu	3,5	3,5

Laun og þóknar til stjórnenda námu um 9,3 mkr. á árinu.

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Tekjuskattur

Stofnunin er undanþegin skattskyldu samkvæmt 5. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

